

Álafossverktakar ehf
Hjálmtýr Unnar Guðmundsson
Arkarholti 15
270 Mosfellsbær

2001030039
1604; 9310

Reykjavík, 9. júlí 2001
/ÞFP

Efni: Matskylda efnistöku Álafossverktaka ehf. í landi Hrísbúar í Mosfellsbæ

Vísað er til erindis Álafossverktaka dags. 16. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð efnistaka í landi Hrísbúar í Mosfellsbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Náttúruverndar ríkisins og kynnti veiðimálastjóra framkvæmdina.

Umsagnir bárust frá Mosfellsbæ með símbréfi dags. 11. apríl 2001, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 4. apríl 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 2. apríl 2001 og frá veiðimálastjóra dags. 26. mars 2001. Svör framkvæmdaraðila við umsögnum bárust 21. júní 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í bréfi framkvæmdaraðila kemur fram að fyllingarefni hafi verið unnið á svæðinu á undanförunum áratugum þannig að ekki sé verið að opna nýja námu. Efni í námunni er bögglaberg sem losað verður með riftönn eða fleygun og það selt sem slíkt auk þess sem unnið verði úr því sandur og fyllingarefni. Svæðið er um 3,5 ha og áætlað er að taka þar 4-6 m þykkt lag eða um 140.000 til 210.000 m³ af föstu bergi. Gert er ráð fyrir að vinna 50.000 m³ á ári. Náman er staðsett undir vestanverðu Mosfelli. Svæðið er gróðursnautt, úr alfaraleið og lítt áberandi. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi (Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-20012) er svæðið ætlað sem útivistarsvæði. Fyrirhuguð er að náman verði unnin frá vestri til austurs þannig að ekki myndist vatnsuppistöður í henni. Frágangur verði í samvinnu við garðyrkjustjóra Mosfellsbæjar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlist Kjósarsvæðis og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fyrirhugað framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Efnistaka

Í umsögn bæjarstjórnar Mosfellsbæjar eru staðfestar bókanir skipulags- og byggingarnefndar frá 3. apríl 2001 og umhverfisnefndar frá 6. apríl 2001. Þar kemur fram að fyrirhugað sé að vinna 50.000 m³ á ári og að samningur Álafossverktaka við landeiganda sé til 10 ára. Tekið er fram að samkvæmt gildandi aðalskipulagi sé svæðið ekki skilgreint sem malartökusvæði og því sé ekki hægt að veita framkvæmdaleyfi nema eftir endurskoðun þess.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að meta verði hugsanleg umhverfisáhrif efnistökkunnar m.a. út frá heildarmagni efnis, stærð efnistökkusvæðis og því hvernig staðið verði að vinnslunni en ekki eingöngu af því hversu mikið efni verði tekið á hverju ári. Í gögnum framkvæmdaraðila sé ekki nógu greinargóð lýsing á því hvernig staðið verði að vinnslunni og hvernig ganga eigi frá námasvæðinu að vinnslu lokinni. Leggja beri fram áætlun um það hvernig svæðið muni líta út að efnistökkutöku lokinni, hvernig það verði mótað og t.d. hvort og þá hvernig græða eigi landið upp. Þá sé afmörkun námusvæðisins á loftmynd ekki viðunandi og eigi að taka mið af landslaginu, t.d. fylgja hæðarlínum. Fyrirhugað námasvæði sé óraskað svæði, að nokkru leyti gróið.

Leirvogsá

Í umsögn bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er bent á að efnistökkusvæðið sé í nánd við eina af bestu laxveiðám landsins og þurfi að gæta þess að lífríki árinna beri ekki skaða af framkvæmdinni. Jafnframt þurfi að gera þá kröfu að námuréttarhafi geri áætlun um efnistöku í samræmi við náttúruverndarlög, þannig að tryggt verði að efnisnáminu verði hagað með þeim hætti að komið verði í veg fyrir skaða á Leirvogsá.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlist Kjósarsvæðis kemur fram að talin er talsverð hætta á aukinni útskolun efna í Leirvogsá, sem gæti haft áhrif á lífríki hennar vegna nálægðar fyrirhugaðs námasvæðis við ána.

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að þar sem náman sé all nærri bökkum Leirvogsár sé bent á nauðsyn þess að efnisnámið valdi ekki gruggi eða öðrum spjöllum á vatnssvæði árinna. Sé þess gætt séu ekki gerðar athugasemdir við framkvæmdina með tilliti til hagsmuna í veiðimálum.

Rykmengun

Í umsögn bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er bent á að gera verði áætlun um efnistöku þannig að komið verði í veg fyrir mengun vegna uppblásturs og skaða á gróðri á svæðinu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis kemur fram að á aðliggjandi svæði í landi Leirvogstungu sé opið námasvæði. Af þessu svæði sé mikil rykmengun sem berist yfir þéttbýlið í Mosfellsbæ bæði vegna umferðar um námasvæðið og úr námum þegar vindur stendur af þeim. Heilbrigðiseftirlitið telji að skoða verði sammögnunaráhrif vegna rykmengunar betur ef námasvæði verði opnað á umræddu svæði og að kortleggja verði útbreiðslu rykmengunar sérstaklega með þéttbýlið í huga.

Útivist

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að mörk námusvæðisins liggji nærri gili við Leirvogsa sem er fallett og tilvalið að nýta það og næsta nágrenni þess til útivistar. Því ætti að mati Náttúruverndar ríkisins ekki að raska gilinu eða nánasta umhverfi þess. Með áframhaldandi efnistöku til austurs sé hætt við að þrengt yrði að gilinu og að möguleikar til útivistar yrðu skertir.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum kemur fram að framkvæmdaraðila hafi orðið á þau mistök, í bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 16. mars 2001, að ofátla það magn sem hann hyggðist taka. Sótt hafi verið um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku til þriggja ára allt að 130.000 m³ af fyllingarefni og áætlað sé að taka 43.000 m³ á ári eða 3,5 - 4,0 m þykkt lag í námuni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða efnistöku af 3,5 ha svæði og áformað að taka þar 3,5 - 4 m þykkt lag eða allt að 130.000 m³ af föstu bergi á næstu þremur árum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fram kemur að bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og Náttúruvernd ríkisins telja framkvæmdina matsskylda.

Náman er við bakka Leirvogsa, sem er mikilvæg laxveiðiá og tekur framkvæmdaraðili fram að náman verði unnin þannig að vatn renni úr henni, en gerir ekki grein fyrir hvert það vatn muni fara eða hvaða hættu sé á áhrifum á Leirvogsa.

Fyrirhuguð náma er í jaðri stærra svæðis þar sem vinnsla lausra jarðefna hefur farið fram í áraradír og kemur fram í umsögnum að mikli rykmengun berst frá námusvæðinu, bæði vegna umferðar og úr námunum sjálfum og hefur hún borist yfir þéttbýlið í Mosfellsbæ. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdinni verði hagað þannig að komið verði í veg fyrir loftmengun af völdum ryks.

Fyrirhuguð námuvinnsla er á svæði sem er skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulag Mosfellsbæjar 1992-2012 en efnistaka er ekki skilgreind sem landnotkunarflokkur á aðalskipulagsupprætti. Á skýringarupprætti í greinargerð aðalskipulagsins er náma í landi Hrísbúar ekki ein fjögurra náma í Mosfellsbæ. Framkvæmdin er því hvorki í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags Mosfellsbæjar um námuvinnslu né kemur fram hvernig hún verður samræmd annarri landnýtingu umhverfis vinnslusvæðið, svo sem útivist við Leirvogsa.

Skipulagsstofnun vill vekja sérstaka athygli á því að fyrirhuguð efnistaka er úr föstu bergi en ekki lausum jarðlögum eins og verið hefur á aðliggjandi svæði. Í ljósi þessa kann frágangur á slíku svæði að vera erfiðari og kostnaðarsamari, svo sem landmótun og því mikilvægara að áætlun um hann svo og framtíðarnýting landsins liggi fyrir í upphafi. Fram kemur í umsögn bæjarstjórnar Mosfellsbæjar að framkvæmdaraðili er með námuvinnslurétt til um þrefalt lengri tíma en hann fyrirhugar efnistöku nú. Í ljósi þess að áformað er að opna námu í fast berg telur Skipulagsstofnun að líta beri á það sem nýja námu og að leggja verði áherslu á að framtíðaráform um vinnslu liggi fyrir en ekki aðeins hugsanlegs fyrsta áfanga.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka í landi Hrísbúar í Mosfellsbæ sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Með vísun til 3. viðauka laganna varðar það sérstaklega stærð og umfang framkvæmdarinnar, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og ónæði.

Framkvæmdin er háð breytingu á Aðalskipulag Mosfellsbæjar 1992-2012 og framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. ágúst júlí 2001.

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri.